
SÓKNARÁÆTLUN FYRIR NORÐURLAND EYSTRA 2015-2019

2. útgáfa

September 2016

Sóknaráætlun Norðurlands eystra

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Framtíðarsýn og leiðarljós	4
3. Staða landshlutans árið 2015	6
3.1. SVÓT-greining	6
3.2. Staða atvinnuþróunar og nýsköpunar	10
3.3. Staða ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra	11
3.4. Staða menningar	11
3.5. Staða mannauðs og lýðfræðileg þróun	13
4. Stefna og megináherslur	15
4.1. Stærstu hagsmunamál landshlutans í heild	15
4.2. Áherslur í málaflokkum	15
4.3. Hugtakið skapandi greinar	16
4.4. Samstarf og sameiginlega stefnumótun sveitarfélaga	16
5. Markmið og aðgerðir	17
6. Áhersluverkefni	19
7. Samantekt og lokaorð	20

1. Inngangur

Í febrúar 2015 var undirritaður samningur milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis annars vegar og Eyþings hins vegar um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015 – 2019. Markmið samningsins er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landsins alls. Sóknaráætlun landshlutans miðar að því að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála byggi á svæðisbundnum áherslum og markmiðum. Í þessu felst að forgangsroðun verkefna skal taka mið af sóknaráætlun landshlutans sem gerð er til fimm ára. Hægt er að uppfæra áætlunina innan tímabilsins. Uppbyggingarsjóður landshlutans hefur verið settur á fót í samræmi við samninginn.

Sóknaráætlunin er þróunaráætlun; stefnuskjal sem felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Í samningnum er kveðið á um að áætlunin skuli að lágmarki marka stefnu landshlutans í eftirfarandi málaflokkum:

- Menningarmálum
- Nýsköpun og atvinnuþróun
- Uppbyggingu mannauðs
- Lýðfræðilegri þróun svæðisins

Jafnframt er sóknaráætlun ætlað að taka til samstarfs við aðra landshluta þar sem um er að ræða skörun á atvinnu- og þjónustusóknarsvæðum.

Vegna mikillar gerjunar, ört vaxandi umsvifa og vaxtarverkja í ferðaþjónustu var ákveðið að taka hana sérstaklega til umfjöllunar hjá Eyþingi, þó að greinin falli í raun undir málaflokkinn atvinnuþróun og nýsköpun.

Í samningi Eyþings og ráðuneytanna kemur fram að landshlutasamtökin skipi samráðsvettvang þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma ólíkra aðila og gætt að búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiðum. Landshlutasamtökin skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangs og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar. Gert er ráð fyrir að samráðsvettvangurinn komi saman a.m.k. árlega.

Nauðsynlegt reyndist að tvískipta vinnunni við gerð sóknaráætlunar. Fyrri hlutinn fólst í að haldnir voru fjórir svæðisfundir í landshlutanum í maí 2015. Fundirnir voru vandlega auglýstir og íbúar sérstaklega hvattir til þátttöku. Fundir voru haldnir á Raufarhöfn, Húsavík, Akureyri og Ólafsfirði. Fundirnir voru misfjölsóttir en tókust vel. Umræður voru líflegar og mikill efniviður frá fundunum sem unnið var úr. Athygli vakti hve megináherslur fundanna voru skýrar og áþekkar milli fundarstaða og þá um leið milli svæða innan landshlutans.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir stýrði svæðafundunum, en ásamt henni komu að framkvæmd fundanna formaður og starfsmenn Eyþings og fleiri stoðstofnana sveitarfélaga og atvinnulífs. Sömu aðilar komu að því að vinna úr því efni sem kom frá fundunum og útbúa fyrri útgáfu Sóknaráætlunar Norðurlands eystra, útg. 1. júlí 2015. Umsjón með úrvinnslu og lokafrágangur þeirrar útgáfu var í höndum Albertínu og Péturs Þórs Jónssonar framkvæmdastjóra Eyþings.

Síðari hluti vinnunnar fólst í samráðsfundi þar sem unnið var út frá niðurstöðum svæðafundanna fjögurra. Sá fundur var haldinn á Akureyri 28. janúar 2016 og til hans var boðið um 40 völdum fulltrúum svæða og hagsmunahópa. Þessir fulltrúar mynda svonefndan samráðsvettvang. Stjórn fundarins var í höndum Bjargar Ágústsdóttur MPM, ráðgjafa hjá Alta. Rík áhersla var lögð á að ná til fulltrúa nemenda framhaldsskóla og háskóla en rödd þeirra vantar oft í vinnu af þessum toga. Á fundinum var umræðan á vettvangi samráðsins dýpkuð frá fyrri fundi, einkum og sér í lagi var rætt um leiðir til að ná þeim markmiðum sem hér eru sett fram.

Í framhaldinu var unnið úr því efni og bætt við fyrri útgáfu Sóknaráætlunar Eyþings, einkum með frekari skilgreiningu leiða eða verkefna til útfærslu markmiðanna en einnig var uppröðun markmiða hagrætt

nokkuð. Unnin var sérstök aðgerðaáætlun sem myndar vinnuskjal í viðauka I með sóknaráætlun. Hún var kynnt þátttakendum í samráðsvettvangnum ásamt stoðstofnunum sveitarfélaga og þeim boðið að tjá sig um hana. Að því loknu var gengið frá fullbúinni Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Umsjón með þessari vinnu var í höndum Péturs Þórs Jónassonar og Bjargar Ágústsdóttur.

Sú sóknaráætlun sem hér er kynnt (2. útgáfa) byggir því á samráði við íbúa landshlutans á fyrrnefndum fundum. Áætlunina ber skv. samningi um sóknaráætlun að leggja til grundvallar úthlutunum úr uppbyggingarsjóði og við val á svonefndum áhersluverkefnum. Aðgerðaáætlunin sem nú hefur bæst við er grundvöllur þess að fylgja eftir sóknaráætlun landshlutans.

2. Framtíðarsýn og leiðarljós

Framtíðarsýn

Þegar horft er til framtíðar lýsum við eftirfarandi sýn eða stöðu sem við sjáum fyrir okkur eftir um 10 ár. Jafnframt eru dregin fram leiðarljós sem gefa tóninn fyrir setningu markmiða í stefnu sóknaráætlunarinnar.

MENNTUN OG MANNAUÐUR

Framtíðarsýn:

- Á Norðurlandi eystra eru fjölbreyttir möguleikar til menntunar á öllum skólastigum.
- Stöðugt er unnið að umbótum sem miða að því að auka enn frekar gæði skólastarfsins.

Leiðarljós:

- Iðandi mannlíf dregur að sér fjölbreyttan mannauð.
- Fjölbreytt menntun á öllum skólastigum er lykill að öflugu samfélagi.
- Nýsköpun er leiðarljós í námi og kennslu.

ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Framtíðarsýn:

- Norðurland eystra byggir á sterkum grunnstoðum og atvinnulíf einkennist af fjölbreytni.
- Skörp sýn er á heildarhagsmuni landshlutans.

Leiðarljós:

- Til staðar verði atvinnutækifæri sem höfða til fólks á öllum aldri, með fjölbreyttan bakgrunn og menntun.
- Öflugt nýsköpunarumhverfi samofið starfsemi háskóla með góðu aðgengi að fjármögnun, ráðgjöf og stuðningi við fyrirtæki og einstaklinga.
- Virk þátttaka í tæknibreytingum atvinnulífsins er lykill að fjölbreyttu atvinnulífi sem höfðar til ungs fólks.

FERÐAÞJÓNUSTA

Framtíðarsýn:

- Ferðaþjónusta er ein af meginstoðunum í atvinnulífi svæðisins.
- Ímynd ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra felur í sér að gæði, þekking og fagmennska séu þar í fyrirrúmi.
- Beint millilandaflug er um landshlutann.

Leiðarljós:

- Fjölgun ferðamanna á svæðinu sé í sama hlutfalli og á landinu í heild og dreifist sem jafnast innan landshlutans.
- Heildstæð sýn á hagsmuni umhverfis og samfélags er grunnur að uppbyggingu greinarinnar.

MENNING

Framtíðarsýn:

- Á Norðurlandi eystra þrífst drífandi og gróskumikil menning.
- Íbúar og ferðamenn eru virkir þátttakandi í menningu og listum.
- Fjöldi listamanna hefur atvinnu af menningu og listum.
- Á Norðurlandi eystra er starfandi vettvangur skapandi greina með áherslu á hönnun.

Leiðarljós:

- Blómleg menning er mikilvægur þáttur í nútímasamfélagi.
- Samvinna og samskipti eru forsenda sköpunar; lykillinn að árangri og framþróun.
- Byggt er á því sem er sérstakt í menningu og umhverfi svæðisins.

BÚSETA OG INNVIÐIR

Framtíðarsýn:

- Á Norðurlandi eystra er samfélag sem byggir á samstöðu og samvinnu.
- Á Norðurlandi eystra eru samgöngur og fjarskipti í takt við þarfir landshlutans og tækniþróun.
- Á svæðinu er hægt að mæta þörfum íbúa og atvinnulífs fyrir tryggja raforku.
- Alþjóðasamgöngur og flutningar eru greiðir til og frá landshlutanum.

Leiðarljós:

- Lýðfræðileg samsetning landshlutans verði í samræmi við landsmeðaltal.
- Svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta og nágrannalönd í vali ungs fólks og innflytjenda á búsetu.

3. Staða landshlutans árið 2015

3.1. SVÓT-greining

Eins og áður sagði þá voru haldnir fjórir fundir vítt og breitt um landshlutann í maí 2015; Húsavík, Raufarhöfn, Ólafsfirði og Akureyri. Á fundunum var farið yfir núverandi stöðu landshlutans og horft til framtíðar. Til að meta núverandi stöðu var farið í svokallaða SVÓT-greiningu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri voru skoðuð. Til að sjá þróun frá síðustu sóknaráætlun svæðisins og sömuleiðis til að ná fram nýjum punktum, var ákveðið að byggja á SVÓT-greiningu sóknaráætlunar Eypings 2013. Þátttakendur voru beðnir um að taka út þá punkta sem þeir töldu ekki eiga lengur við og bæta við nýjum punktum eftir því sem við ætti. Fjölmargir punktar komu því út úr fundunum sem úrvinnsluhópur sóknaráætlunar fékk til að vinna úr og mynda eina heildstæða greiningu sem á við allt svæðið. Í vinnu hópsins voru jafnframt dregnir fram mikilvægustu áherslupunktur í hverjum flokki og eru þeir hér feitletraðir í **töflu 1**. Farið er sérstaklega yfir þessa áherslupunkta hér á eftir.

Tafla 1 – SVÓT-greining landshlutans 2015

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> Orkuauðlindir og möguleikar tengdir þeim Mikil reynsla í ferðaþjónustu. Gott aðgengi að menntun á öllum skólastigum Öflugt og fjölbreytt menningarlíf Vöxtur í skapandi greinum Rík hefð og styrkur í sjávarútvegi, málm- og véltækni og landbúnaði þar sem fyrir hendi er mikil þekking, verk- og viðskiptareynsla. Góð grunnþjónusta og félagsleg samkennd í nærumhverfinu. Góð aðstaða til alþjóðlegra samgangna, bæði hafnaraðstaða og flugvöllur Gott og stöðugt vinnuafli Miðstöð hvalaskoðunar Nálægð við einstaka náttúru 	<ul style="list-style-type: none"> Skortur á beinum samgöngum við alþjóðamarkaði Óviðunandi fjarskipti og netsamband háir atvinnulífi og menntun Flutningskerfi raforku á svæðinu ófullnægjandi Veik sameiginleg stefnumótun fyrir landshlutann Lýðfræðileg samsetning utan Akureyrar Fjarlægð frá stærstu markaðssvæðunum - hár ferða- og flutningskostnaður Flöskuhálsar í innri samgöngum Mikil árstíðasveifla í ferðaþjónustu Misræmi á milli menntunar vinnuafli og eftirspurnar atvinnulífs Skortur á menntun í ferðaþjónustu Veikt sveitarstjórnarstig Áherslur og stefna í menningarmálum henta illa jaðarsvæðum Ófullnægjandi almenningssamgöngur milli byggðakjarna
Ógnanir	Tækifæri
<ul style="list-style-type: none"> Skökk samkeppnisskilyrði atvinnulífs s.s. í samgöngum og flutningum Miðstýring ríkisvaldsins og skortur á samráði Hrakandi grunnþjónusta á vegum ríkisins Óvissa um framtíð Reykjavíkurflugvallar og um leið innanlandsflugs Óvissa í rekstrarumhverfi sjávarútvegs vegna mögulegra breytinga á stjórnun fiskveiða Samþjöppun fyrirtækja og útibúavæðing Raforkuskortur á tilteknum svæðum Óljós stefna stjórnvalda í byggðamálum 	<ul style="list-style-type: none"> Landfræðileg lega í ljósi vaxandi áhuga og starfsemi á norðurslóðum Nýting á Akureyrarflugvelli sem alþjóðaflugvelli. Fjölbreyttir möguleikar á bættri nýtingu fjárfestinga í ferðaþjónustu og menningu með aukinni samvinnu. Háskólinn á Akureyri – aukið námsframboð Frekari nýting orkuauðlinda landshlutans Nálægð við fiskimið ásamt þekkingu og tækifæri til frekari nýtingar á sjávarfangi. Öflug landbúnaðarsvæði sem geta nýtt sér aukna eftirspurn eftir matvælum með þekktan uppruna. Fjölgun skipakoma vegna stóriðju opnar nýja möguleika Vaðlaheiðargöng Þróun í fjarskiptamálum Störf án staðsetningar Vatnajökulsþjóðgarður Aukin hlutdeild í störfum á vegum ríkisins Aukið samstarf sveitarfélaga

Styrkleikar

Orkuauðlindir og möguleikar tengdir þeim

Miklar orkuauðlindir svæðisins, einkum í Þingeyjarsýslunum, eru augljós styrkleiki enda fjölmargir möguleikar til uppbyggingar tengdir þeim. Þannig er nú þegar farin af stað mikil uppbygging í kringum Þeistareyki annars vegar og Bakka/Húsavík hinsvegar sem mun styrkja landshlutann í heild enn frekar.

Mikil reynsla í ferðaþjónustu

Norðurland eystra er það svæði sem fær til sín flesta ferðamenn utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurlands. Þannig hefur byggst upp mikil reynsla í ferðaþjónustu sem skilar sér í öflugum ferðaþjónustusvæði sem hefur til staðar innviði til að taka á móti enn fleiri gestum. Akureyri var nýlega valinn besti áfangastaður í Evrópu af ritstjórn ferðaritsins Lonely Planet sem er mikil viðurkenning á þeirri reynslu og þekkingu á ferðaþjónustu sem býr á svæðinu.

Gott aðgengi að menntun á öllum skólastigum

Á svæðinu er gott aðgengi að fjölbreyttri menntun á öllum skólastigum, allt frá leikskóla til háskóla. Háskólinn á Akureyri býður upp á fjölbreytt háskólanám og er nú að undirbúa doktorsnám við skólann. Þá er auðvelt er að leggja stund á iðn- og starfsnám innan svæðisins, auk þess sem gott aðgengi er að símenntun.

Öflugt og fjölbreytt menningarlíf

Öflugt menningarlíf er á svæðinu og er fjölbreyttni þar lykilatriði, með allt frá atvinnuleikhúsi og símfóníuhljómsveit á Akureyri og til margvíslegra áhugamannahópa víðsvegar um svæðið.

Vöxtur í skapandi greinum

Vöxtur hefur verið í skapandi greinum í víðasta skilningi á svæðinu.

Veikleikar

Skortur á beinum samgöngum við alþjóðamarkaði

Augljós veikleiki svæðisins er skortur á beinum samgöngum við alþjóðamarkaði. Þessi veikleiki á við útflutningsgreinarnar, en ekki síður um ferðaþjónustuna. Þannig væri æskilegt fyrir sjávarútvegsfyrirtæki í landshlutanum að geta flutt út ferskan fisk með flugi beint á markað erlendis. Þá væri ekki síður æskilegt fyrir landshlutann og raunar landið í heild að opnuð yrði önnur fluggátt inn í landið og hluta ferðamanna beint inn í landið í gegnum Akureyrarflugvöll.

Óviðunandi fjarskipti og netsamband háir atvinnulífi og menntun

Í nútíma samfélagi er nauðsynlegt að hafa aðgengi að hröðum og öruggum fjarskiptum. Víða í landshlutanum er enn óviðunandi fjarskipta- og netsamband sem hefur áhrif á möguleika til uppbyggingar atvinnulífs og menntunar sem byggja á fjarskiptum, sérstaklega hröðu og öruggu netsambandi.

Flutningskerfi raforku á svæðinu ófullnægjandi

Víða í landshlutanum er flutningskerfi raforku ófullnægjandi og er takmarkandi fyrir rekstur og uppbyggingu margra fyrirtækja.

Veik sameiginleg stefnumótun fyrir landshlutann

Á fundum sem haldnir hafa verið til undirbúnings sóknaráætlunar hefur mikið verið kallað eftir auknu samstarfi á milli sveitarfélaganna á svæðinu. Einnig hefur verið bent á að stefnumótun fyrir landshlutann í heild sé ekki nægjanlega sterk. Það skýrist að hluta af þeirri tilhneigingu að líta á landshlutann sem tvö aðskilin svæði, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur. Vænta má aukins samstarfs milli svæðanna tveggja með tilkomu Vaðlaheiðarganga. Þá gæti verið gagnlegt að fara í ítarlegri sameiginlega stefnumótun, til að mynda með gerð svæðisskipulags fyrir landshlutann, ekki síst í ferðaþjónustu.

Lýðfræðileg samsetning utan Akureyrar

Aldurssamsetning og kynjaskipting íbúa utan þéttbýlisins á Akureyri er veikleiki en þar einkennist hún af eldri íbúum, fækkun barna og fækkun kvenna.

Ógnanir

Skökk samkeppnisskilyrði atvinnulífs s.s. í samgöngum og flutningum

Hætt er við að fyrirtæki í landshlutanum muni flytja í burtu eða ákveða að byggja upp annarsstaðar ef ekki verður bætt úr aðgengi atvinnulífs í landshlutanum að beinum samgöngum við útlönd.

Miðstýring ríkisvaldsins og skortur á samráði

Ákvarðanir eru í of miklum mæli teknar einhliða í Reykjavík og án samráðs við stjórnvöld í landshlutanum og án samráðs við íbúa. Áform um sameiningu framhaldsskóla og annarra stofnanna eru gott dæmi um þessa ógn.

Hrakandi grunnþjónusta á vegum ríkisins

Mikill niðurskurður í þjónustu á vegum ríkisins í landshlutanum er mikil ógn. Lokun fæðingarstaða og minna viðhald á vegum eru gott dæmi um hrakandi grunnþjónustu. Sérstaklega er bent á hrakandi heilbrigðisþjónustu, sjúkraflutninga o.fl. á stöðum fjarri stóru þéttbýlistöðunum.

Óvissa um framtíð Reykjavíkurlugvallar og um leið innanlandsflugs

Burt séð frá ólíkum skoðunum á hvort og hvert Reykjavíkurlugvöllur eigi að víkja, þá hefur þessi mikla óvissa verið alltof lengi mikil ógn og gerir það erfitt að skipuleggja samgöngur og þjónustu milli landshluta. Komi til flutnings innanlandsflugs frá borginni þarf að hefja umræðu um uppbyggingu grunnþjónustu um landið til að veða upp á móti skertum samgöngum við Reykjavík.

Tækifæri

Landfræðileg lega í ljósi vaxandi áhuga og starfsemi á norðurslóðum

Aukinn áhugi er á norðurslóðamálum í heiminum og er ljóst að fjölmörg tækifæri liggja í landfræðilegri legu landshlutans gagnvart starfsemi á norðurslóðum. Tækifærin liggja þó ekki síst í rannsóknum og uppbyggingu þekkingar á málefnum norðurslóða í tengslum við Háskólann á Akureyri. Akureyri er nú þegar miðstöð þekkingar, sérfræðiþjónustu og rannsókna á norðurslóðum á Íslandi og er mikilvægt að halda þeirri uppbyggingu áfram.

Nýting á Akureyrarflugvelli sem alþjóðaflugvelli

Mikil tækifæri liggja í aukinni nýtingu Akureyrarflugvallar fyrir millilandaflug. Það væri ekki einungis tækifæri fyrir landshlutann heldur landið í heild. Þannig myndu ferðamenn dreifast betur um landið og minnka álagið á suðvesturhorni landsins. Betri nýting á fjárfestingu um norðan- og austanvert landið er augljós kostur en sömuleiðis liggja þarna tækifæri í auknum útflutningi á ferskum sjávarafurðum á erlenda markaði.

Fjölbreyttir möguleikar á bættri nýtingu fjárfestinga í ferðaþjónustu og menningu með aukinni samvinnu

Með vaxandi fjölda ferðamanna á svæðinu og lengingu ferðamannatímabilsins opnast ýmis tækifæri til bættrar nýtingar fjárfestinga sem eru til staðar í ferðaþjónustu og menningu.

Aukið námsframboð við Háskólann á Akureyri

Með auknu framboði ólíkra námsleiða við Háskólann á Akureyri má búast við auknum fjölda nemenda sem flytjast í landshlutann til að nema við skólann. Mikilvægt er að aukning á námsframboði kallist að einhverju leiti á við þarfir landshlutans á menntuðu starfsfólki og þau sóknarfæri sem eru í atvinnulífinu.


Frekari nýting orkuauðlinda landshlutans

Mikilvægt er að nýta enn frekar þær miklu orkuauðlindir sem finnast í landshlutanum. Það þarf þó að gera á sjálfbæran hátt og að virðingu við náttúru landshlutans. Í frekari nýtingu orkuauðlinda landshlutans felst mikil tækifæri til uppbyggingar atvinnulífs, en einnig er uppbygging orkuviðnaðarins á svæðinu áhugavert tækifæri til aukinnar sjálfbærni. Má þar meðal annars horfa til fyrirtækja sem nú hafa byggst upp á Akureyri og eru að búa til eldsneyti úr sorpi.

Svæðisbundnar áherslur

Á samráðsfundinum 28. janúar 2016 var ákveðið að kanna betur hvort til staðar væru verulegar svæðabundnar áherslur innan landshlutans þegar horft er til þeirra atriða sem fram koma í SVÓT-greiningu. Hafa ber í huga að fyrir fundinum lá niðurstaða frá svæðafundunum 2015 um stærstu hagsmunamál landshlutans í heild (kafla 4.1). Unnið var áfram á grunni SVÓT-greiningarinnar og rýnt betur í efni hennar. Fundarmönnum var skipt í hópa eftir landsvæðum, sjá **mynd 1** um skiptinguna.

Í ljós kom að svörin dreifðust mikið og gáfu ekki til kynna mikinn áherslumun milli svæða hvað varðar efnisatriði í SVÓT-greiningunni. Niðurstaðan styrkti jafnframt þá forgangsröðun sem fram hafði komið fyrir landshlutann í heild. Eins og á fyrri fundum komu hins vegar fram ábendingar um svæðisbundnar áherslur í formi verkefna. Þannig var t.d. austan til í landshlutanum bent á þörf fyrir vegabætur. Athygli vakti að á öllum svæðum komu fram viðbrögð við hrakandi grunnþjónustu ríkisins. Þeim ábendingum um verkefni sem fram komu er haldið til haga og flestum þeirra hefur verið fundinn staður með einum eða öðrum hætti í meðfylgjandi aðgerðaáætlun ([viðauka I](#)).



Mynd 1. Skipting í hópa eftir svæðum.

3.2. Staða atvinnuþróunar og nýsköpunar

Mikil breidd er í atvinnulífi á svæðinu hvað varðar atvinnugreinar en segja má að í landshlutanum sé að finna allar þær atvinnugreinar sem á annað borð eru í landinu. Breiddin er einnig mikil þegar kemur að umfangi í starfsemi fyrirtækja bæði hvað varðar veltu og fjölda starfsmanna. Þessi breidd er einn helsti styrkleiki atvinnulífsins í landshlutnaum og skapar forsendur fyrir öflugri atvinnuþróunar- og nýsköpunarstarfi. Um leið er í breiddinni falin áskorun fyrir það kerfi sem byggt er upp í málaflokknum. Það þarf að geta tekist á við þá fjölbreyttu flóru og mismunandi aðstæður sem atvinnulífið á einstökum svæðum í landshlutanum býr við, allt frá hugbúnaðargerð og tæknivæddri stórframleiðslu til einyrkjastarfsemi í dreifbýli.

Sterk staða Akureyrar á landsvísu með fjölpættu atvinnulífi og öflugri þekkingarstarfsemi með Háskólann á Akureyri í broddi fylkingar, er tækifæri sem landshlutinn á umfram ýmsa aðra. Þann styrk þarf að nýta til þess að virkja að fullu þau tækifæri sem m.a. liggja í réttu samspili auðlindanýtingar – landbúnaðar, sjávarútvegs, orkuauðlinda og náttúrunnar – og þess mannauðs sem svæðið hefur að geyma. Með því er unnt að gera landshlutann að samkeppnishæfum valkosti fyrir ungt fólk, bæði til atvinnu og búsetu.

Framundan er stórfelld atvinnuuppbygging á Húsavíkursvæðinu sem hafa mun veruleg áhrif í landshlutanum öllum. Auk nærsvæðis framkvæmdanna er augljóst að áhrifin verða veruleg á Akureyri og nágrenni vegna sterkrar stöðu ýmissa þjónustugreina þar og styttingar vegalengda með tilkomu

Vaðlaheiðarganga. Með tilkomu öflugs útflutningsiðnaðar er sterkari stoðum skotið undir beinar samgöngu- og flutningsleiðir frá landshlutanum beint á erlenda markaði. Í því liggja veruleg tækifæri, bæði fyrir núverandi framleiðslustarfsemi, en einnig skapar þetta nýrri starfsemi betri aðstæður en ella væru til staðar. Hins vegar má einnig gera ráð fyrir einhverjum ruðningsáhrifum og að uppbyggingin geti dregið til sín fólk af jaðarsvæðum landshlutans. Því er mikilvægt að jafnhliða verði hugað að mögulegum aðgerðum til að styrkja stöðu atvinnulífs og þjónustu á þeim svæðum.

3.3. Staða ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra

Ferðaþjónusta hefur vaxið mikið undanfarin ár á Norðurlandi eystra. Þar eru til staðar sterkar grunnstoðir til að byggja ferðaþjónustu á, sem þó er hægt að nýta enn frekar. Einstakar náttúruperlur, fjölbreytt fuglalíf og Akureyri sem sterkur þjónustukjarni svæðisins eru meðal þessara stoða. Fjölbreytt menningarlíf er mikið aðdráttarafl sem og afslappað umhverfi.

Fjölbreytni í ferðaþjónustu er einnig orðin mikil í landshlutanum og er sífellt að vaxa. Sem dæmi má nefna skíðasvæðin og þá fjölmörgu möguleika á vetrarafþreyingu sem hefur verið að byggjast upp undanfarin ár, miðstöð hvalaskoðunar á Húsavík, fuglastíg á Norðausturlandi sem verið er að þróa víðar, úrval skipulagðra ferða til náttúruskoðunar og menningarupplifunar o.s.frv. Við þetta styður svo sífellt aukið og fjölbreyttara úrval af gistimöguleikum og veitingastöðum.

Hér er margt til að byggja á og mikil reynsla komin á þjónustu við ferðamenn af ýmsu tagi. Það sem helst stendur greininni fyrir þrifum er hversu árstíðabundin starfsemin er. Enn er það svo á Norðausturlandi að nýting er mjög góð yfir hásumarið, en mun lakari yfir vetrarmánuðina. Nýting á svæðinu austan Jökulsár er reyndar ónóg allt árið. Það þýðir að mikil vannýting er á fjárfestingum í greininni sem stendur svo í vegi fyrir frekari uppbyggingu til framtíðar. Einnig hefur það þau áhrif að hlutfall heilsársstarfa í ferðaþjónustu er tiltölulega lágt sem aftur hefur áhrif á menntunarstig í greininni og möguleika til nýsköpunar.

Til þess að bæta úr þessu þarf að bæta samgöngur og aðgengi að ferðamannastöðum. Í fyrsta lagi þarf að koma á reglulegu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll til þess að auðvelda ferðamönnum aðgengi að landshlutanum – allt árið um kring. Í öðru lagi þarf að bæta samgöngur innan svæðisins. Greiðar vegasamgöngur eru forsendur þess að dreifa ferðamönnum um allt svæðið og nýta þannig fjárfestingu í greininni sem best. Í þriðja lagi þarf að setja fjármagn í uppbyggingu og/eða viðhald á stígum, merkingum og annarri aðstöðu við fjölsóttu ferðamannastaði svo þeir megi áfram verða gestum okkar til ánægju og okkur til sóma.

Annað afar mikilvægt verkefni ferðaþjónustu í landshlutanum er aukið samstarf í greininni, ekki síst í sameiginlegri markaðssetningu á svæðinu. Sameiginleg markaðssetning tryggir besta nýtingu fjármagns og mestan slagkraft. Því þarf að tryggja fjármuni til áframhaldandi markaðsstarfs og vörubrúunar í ferðaþjónustu. Verkefni eins og Ski Iceland, Birding Iceland og Matur-Inn eru dæmi um vel heppnaða vörubrúun í greininni og halda þarf áfram á þeirri braut.

3.4. Staða menningar

Á Norðurlandi eystra er menningarstarf öflugt, bæði ef litið er til faglegs starfs sem og áhugamenningar. Metnaður er einkennandi og fjölmargir menningarviðburðir og menningarhátíðir eru á svæðinu. Einnig er fjöldi safna, setra og sýninga sem sum hver hafa hlotið viðurkenningar hérlendis og erlendis. Þrjár stofnanir á Akureyri eru reknar með samningi milli Akureyrarbæjar og ríkisins, Leikfélag Akureyrar, Listasafnið á Akureyri og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Grunngerð á svæðinu er

sterk og býður upp á að Norðurland eystra verði leiðandi í menningar- og listalífi. Í mannauð og grunngerð svæðisins felast þó enn frekari tækifæri til framtíðar.

Í úttekt á framkvæmd menningarsamninga 2009-13 (Capacent 2013) kemur fram að á svæðinu hefur náðst árangur í nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningarferðabjónustu. Einnig hefur samningurinn leitt til nýrra starfa og verkefni hafa náð að þróast í það að verða varanleg. Þó er alltaf hægt að gera betur sér í lagi í fámennari samfélögum og auka á fjölbreytni og atvinnusköpun með samvinnu m.a. sveitarfélaga, starfandi listamanna, áhugafólks og stoðkerfis.

Ef litið er á grunngerð og mannauð á svæðinu þá liggur styrkleikinn víða í samvinnu atvinnulistafólks og áhugafólks. Á sviði leiklistar þá er eina atvinnuleikhúsið utan höfuðborgarsvæðisins, Leikfélag Akureyrar (LA), staðsett á Akureyri. Í tengslum við LA er rekinn öflugur leiklistarskóli, sá eini á landinu sem tengdur er starfsemi atvinnuleikhúss. Auk þess eru 13 áhugaleikfélög sem mörg hver eru mjög öflug og setja reglulega upp sýningar. Sum þeirra setja upp nokkrar sýningar á ári og hafa allnokkrar þeirra hlotið mikla athygli og viðurkenningar. Á síðustu árum hefur færst í vöxt að áhugaleikfélögin láti skrifa fyrir sig leikverk sem oftast en ekki byggja á sögu og sérstöðu svæðisins. Tónlist á svæðinu blómstrar, rúmlega 60 kórar og tónlistarhópar eru starfandi og eru um 1400 einstaklingar sem standa að baki starfsemi þeirra. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er staðsett á Akureyri og tónlistarmenn búsettir á svæðinu og víðar að spila með sveitinni. Vel menntaðir tónlistarmenn eru fjölmargir og flestir þeirra vinna einnig við kennslu í tónlistarskólum á svæðinu.

Sjónlistir eru áberandi á Norðurlandi eystra, sér í lagi í Eyjafirði. Öflugar stofnanir s.s. Listasafnið á Akureyri og minni staðir þar sem sjónlistir skipa stóran sess eru áberandi. Mörg þeirra eru rekin af listafólki s.s. Verksmiðjan á Hjalteyri, Alþýðuhúsið á Siglufirði, Kaktus á Akureyri og Fjúk Art Center á Húsavík. Myndlistarfélag er á svæðinu og eru yfir 80 félagsmenn skráðir í félagið. Vinnustofur listamanna eru fjölmargar og eru yfir 60 skráðar í gagnagrunn menningarráðs. Á svæðinu eru 10 gestavinnustofur fyrir lista- og fræðifólk (Art and Scholar residency) og geta rúmlega 30 listamenn dvalið á slíkum vinnustofum í hverjum mánuði. Í undirbúningi er að opna fleiri gestavinnustofur á svæðinu.

Safnastarf á svæðinu er öflugt, um 40 söfn, setur, sýningar og stofur eru á svæðinu. Átta þeirra hafa hlotið viðurkenningu safnasjóðs. Safnaflóran er mjög fjölbreytt og starfsemin til fyrirmyndar undir forystu þeirra safna sem hafa hlotið viðurkenningu safnasjóðs. Mikilvægt er að sveitarfélögin á svæðinu setji sér sameiginlega stefnu í safnamálum sem felur í sér áherslur varðandi uppbyggingu, skipulag og þróun safnamála á svæðinu.

Handverkshefð á svæðinu er sterk. Rúmlega 20 handverkshópar og handverkshús eru starfandi á Norðurlandi eystra. Handverkshópar líkt og Laufáshópurinn, Handraðinn og Þingeyskt og þjóðlegt hafa vakið athygli fyrir öflugt og metnaðarfullt starf sem byggir á sérstöðu. Ein stærsta handverkssýning á landinu, Handverkshátíðin á Hrafnagili, er haldin árlega í Eyjafjarðarsveit. Þar kemur saman handverksfólk af öllu landinu og styður það við handverkshefð á svæðinu.

Yfir 50 önnur menningarfélög eru á Norðurlandi eystra. Þau félög eru áhugafélög og vinna að öflugum menningarstarfi sem setur svip sinn á svæðið. Þetta eru t.d. rímnafélög, þjóðdansahópar, jassklúbbar, ljóðafélög, tónlistarfélög, myndlistarfélög, sögufélög, ljósmyndaklúbbar og fl. slík félagasamtök. Þessi félög eru hverju samfélagi mikilvæg og eiga sinn þátt í sterkum félagsauði á svæðinu. Mikilvægt er að hlúa að sjálfbodaliðastarfi í menningu og hvetja áfram til góðra verka samfélaginu til hagsbóta.

Menningarhátíðir/dagskrár sem eru rúmlega 30 á svæðinu. Þá er átt við hátíðir sem hafa fest sig í sessi og eru haldnar reglulega. Um 14 aðrar hátíðir eru á svæðinu þar sem menning og listir skipa veglegan

sess. Ef skoðuð er dreifing þessara hátíða á svæðinu eru þær flestar í Eyjafirði, tækifæri gætu verið til að þróa og efla þessar hátíðir sem og fjölga menningarhátíðum í Þingeyjarsýslu.

Ef litið er til menntunar á sviði lista þá eru 12 tónlistarskólar á svæðinu, þrír dansskólar, einn leiklistarskóli og 4 skólar sem kenna sjónlistir. Þrír framhaldsskólar bjóða upp á listnámsbrautir. Tónlistarskólar eru í öllum sveitarfélögum en aðrir sérskólar eru í Eyjafirði.

Aðstaða fyrir menningarstarf er víðast á svæðinu góð. Á síðustu árum hafa tvö ný menningarhús verið tekin í notkun, á Akureyri og Dalvík, auk þess eru Menningarhúsið Tjarnarborg Ólafsfirði og Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík skilgreind sem menningarhús. Yfir 50 önnur rými eru víðsvegar um svæðið sem eru nýtt til ýmiskonar menningarstarfs s.s. tónleika- og sýningarhalds hverskonar. Mörg þeirra eru vannýtt og má því leiða líkum að því að tækifæri felist í vannýttu húsnæði til menningarstarfs.

Að ofansögðu er ljóst að grunngerð og mannauður menningar er sterkur á svæðinu, þá sér í lagi í Eyjafirði. Í Þingeyjarsýslum er þó sterk áhugamenning sem byggir á ómældu sjálfböðastarfi og öflugu starfi m.a. undir merkjum Menningarmiðstöðvar Þingeyinga. Auk þess hefur starfandi listafólki verið að fjölga í Þingeyjarsýslum. Þörf fyrir fjármagn í málaflokkinn er þó mikil og rekstur setra, sýninga og menningarverkefna er þröngur stakkur sniðinn sem veldur því að nýsköpun og þróun innan málaflokksins er nokkuð erfið.

Menntun á sviði lista er víða nokkuð fjölbreytt og góð en tryggja þarf öllu svæðinu aðgengi að metnaðarfullri og faglegri menntun á sviði lista og menningar, hvort sem er í námskeiðsformi, innan grunnskóla eða til framhaldsnáms.

Tryggja þarf fjármagn í málaflokkinn til að hægt sé að standa að því öfluga starfi sem þegar er til staðar, auka samvinnu innan svæðisins og út fyrir svæðið sem og landið. Greina þarf möguleika innan svæðisins og bæta það sem betur má fara og styrkja ákveðinn hluta svæðisins enn frekar.


3.5. Staða mannauðs og lýðfræðileg þróun

Í landshlutanum er víðast gott aðgengi að öllum skólastigum allt frá leikskóla til háskóla.

Samkvæmt stöðugreiningu Byggðastofnunar fyrir Norðurland eystra (2015,) þá er samsetning vinnuafis á Norðurlandi eystra þegar kemur að menntunarstigi nokkuð frábrugðið landsmeðaltali. Hlutfall þeirra sem hafa einungis lokið prófi úr grunnskóla, eru með starfsnám úr framhaldsskóla, eða minni menntun, er hærra en landsmeðaltalið. Þá er hlutfall karla með iðnmenntun og kvenna með stúdentspróf hærra en landsmeðaltalið. Hlutfall þeirra sem hafa lokið einhverskonar háskólaprófi hins vegar undir landsmeðaltali (sjá mynd 2). Þessa stöðu þarf að styrkja og auka breiddina í námsframboði á sviði verk- og tæknigreina eftir því sem atvinnulífið kallar á.


Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting karla 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent



Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting kvenna 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent



Mynd 2 - hlutfallsleg skipting íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun. Mynd úr stöðugreiningu Byggðastofnunar fyrir Norðurland eystra (2015).


Stöðugreiningar Byggðastofnunar má finna á slóðinni:

www.byggdastofnun.is/is/verkefni/stodugreiningar-landshluta.

Á Norðurlandi eystra eru sex skólar sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi; Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Myndlistaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Tvær stofnanir starfa í landshlutanum og halda utan um símenntun og fullorðinsfræðslu, auk annarrar námsþjónustu; Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY) og Þekkingarnet Þingeyinga. Þá eru starfandi fjölmargir leikskólar og grunnskólar á vegum sveitarfélaganna á svæðinu. Gott aðgengi er að háskólanámi í landshlutanum, einkum í gegnum Háskólann á Akureyri. Í Háskólanum á Akureyri er boðið upp á fjölbreytt nám og er verið að bæta í á þessu ári með nýrri tölvunarfræðideild og umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við skólann. Háskólinn á Akureyri er jafnframt með gott framboð á fjarnámi sem gerir nemendum um allt land kleift að stunda nám við skólann. Mikilvægt er að standa vörð um þá megin skipan að tryggja sem flestum aðgengi að námi á framhaldsskólastigi í heimabyggð. Með því er bæði stuðlað að jafnrétti til náms en einnig er slíkt aðgengi lykilatriði í því að stuðla framtíðar vexti og viðgangi byggðar sem víðast um landið.

Hlutfallslegt atvinnuleysi á Norðurlandi eystra í maí 2015 var undir landsmeðaltali, eða 2,8% samanborið við 2,9% á landinu öllu samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun (2015). Það hlutfall er nokkru lægra heldur en hefur verið síðustu ár og hefur í raun ekki mælst lægra í maí frá því árið 2008.

Þann 1. janúar 2015 bjuggu 29.257 íbúi á Norðurlandi eystra. Íbúum hafði þá fjölgað um 166 frá fyrra ári. Þrátt fyrir að íbúum fjölgi í landshlutanum hefur hlutur Norðurlands eystra af þjóðinni þó minnkað nokkuð eins og sjá má á **mynd 3**.



Mynd 3 - Hlutfall íbúa á Norðurlandi eystra af þjóðinni.
Heimild: www.hagstofan.is

Lýðfræðileg samsetning landshlutans í heild er nokkuð nærri samsetningunni á landsvísu, en innan landshlutans er allmikill breytileiki. Í meginatriðum má segja að utan þéttbýlissvæðis Akureyrar beri samsetningin hefðbundin, en mismikil, merki samfélaga sem hafa þurft að takast á við viðvarandi fólksfækkun. Þannig eru kynjahlutföll skökk, þar sem karlar eru yfirleitt í meirihluta og meðalaldur íbúa yfir landsmeðaltali. Á því eru þó sem betur fer undantekningar.

4. Stefna og megináherslur

Á samráðsfundum um sóknaráætlun í maí 2015 voru þátttakendur beðnir um að nefna eitt einstakt atriði sem þau töldu vera mesta hagsmunamál landshlutans í heild. Eitt mál kom fram á öllum fundunum sem hafði áberandi meira vægi en önnur, að mati fundarmanna, en það var millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Tveir aðrir þættir voru einnig títt nefndir; fjarskipti og ljósleiðaratengingar og síðan dreifikerfi raforku. Þessi hagsmunamál komu jafnframt mjög sterkt fram í umræðum um ólíka málaflokka. Allir þættirnir þrír eru í samræmi við þingsályktun nr. 21/143 um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017.

Á samráðsfundunum var sérstaklega fjallað um hvern og einn málaflokk sóknaráætlunar sem getið er um í inngangi. Á fundi samráðsvettvangsins í lok janúar 2016 var leitað eftir frekari sjónarmiðum um útfærslu markmiða. Hér á eftir eru dregnar fram megináherslur sem fram komu í umræðum þessara funda en þær koma síðan sterkar fram í meðfylgjandi aðgerðaáætlun.

4.1. Stærstu hagsmunamál landshlutans í heild

1. Millilandaflug um Akureyrarflugvöll
2. Fjarskipti – ljósleiðari
3. Dreifikerfi raforku

4.2. Áherslur í málaflokkum

Menntun og mannauður

1. Mikilvægt er að efla tengingu milli menntunar og atvinnulífs þannig að framboð menntunar taki mið af atvinnumöguleikum og stuðli að nýjum tækifærum. Talið var að auka þyrfti námsframboð á svæðinu og aðstöðu í byggðum til að stunda nám. Efla skal samstarf milli menntastofnana og atvinnulífs til að stuðla að hagnýtingu rannsókna í atvinnulífinu og aukinni virkni fyrirtækja í rannsóknar- og nýsköpunarstarfi. Þetta er í samræmi við stefnu- og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs.
2. Auka þarf framboð og kynningu á menntun í tæknigreinum og iðngreinum og fjölga útskrifuðum nemendum úr sömu greinum. Þetta er í samræmi við stefnu- og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs.
3. Stuðlað verði að því að börn geti stundað nám heima a.m.k. til 18 ára aldurs.

Atvinnuþróun og nýsköpun

1. Áhersla verði á að kynna atvinnumöguleika í landshlutanum fyrir ungu fólki.
2. Áfram verði unnið að því að hlúa að nýsköpunarumhverfinu og hvetja til frumkvöðlastarfs með góðu aðgengi að ráðgjöf og kynningu á styrkjamöguleikum.
3. Leita skal leiða til að auka framboð starfa sem höfða til ungs fólks og kvenna.
4. Stuðlað verði að fjölbreyttara atvinnulífi, meðal annars með áherslu á skapandi greinar líkt og í menningarmálum.

Ferðapjónustan

1. Kortleggja þarf auðlindir í ferðapjónustu og þörf fyrir uppbyggingu ferðamannastaða (þ.m.t. merkingar, gönguleiðir o.fl.) og forgangsraða verkefnum.
2. Enn meiri kraftur verði settur í markaðsstarf landshlutans og aukin áhersla verði á samvinnu sveitarfélaga og ferðapjónustuaðila í landshlutanum.
3. Áhersla verði lögð á að fá aukið fjármagn til að ljúka Dettifossvegi. Sú áhersla er í samræmi við þingsályktun nr. 21/143 um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017

Menning

1. Unnið verði að því að auka fjármagn og stuðning við menningarverkefni í landshlutanum
2. Horft verði í auknum mæli til hönnunar til atvinnusköpunar og í þeim tilgangi verði settur á fót hönnunarklasi.

Búseta og innviðir

Á fundunum var að auki fjallað um **innviði** landshlutans og **grunnþjónustu**. Óhjákvæmilega eru þetta órjúfanlegir hlutar umfjöllunar um búsetukosti og samkeppnishæfni svæða. Um þá var því sérstaklega fjallað við lokavinnslu áætlunarinnar. Margt af því sem kom fram tengist um leið áherslum sem fram komu í umfjöllun um aðra málaflokka s.s. stóru hagsmunamálin þrjú, millilandaflug, ljósleiðari og dreifikerfi raforku. Sem vænta mátti voru samgöngumál og heilbrigðismál ofarlega í hugum fólks. Þess ber einnig að geta að þrátt fyrir mikinn samhljóm um heildarhagsmuni landshlutans þá komu einnig fram staðbundnar eða svæðisbundnar áherslur. Ekki síst komu fram ábendingar um tiltekin verkefni.

4.3. Hugtakið skapandi greinar

Bæði í köflum um menningu og um atvinnuþróun og nýsköpun er fjallað um skapandi greinar. Það er gert bæði á formi markmiða og aðgerða. Reynslan sýnir að fólk kann að leggja nokkuð misjafnan skilning í hugtakið og til eru mismunandi skilgreiningar á því. Í Sóknaráætlun Norðurlands eysta teljast til skapandi greina t.d. *auglýsingagerð, byggingalist, myndlist, fornminjar, handverk, hönnun, tískuhönnun, kvikmyndagerð, gagnvirkur tómstundahugbúnaður (s.s. tölvuleikir), tónlist, sviðslistir, útgáfa, hugbúnaðargerð og framleiðsla efnis fyrir útvarp og sjónvarp.*

4.4. Samstarf og sameiginlega stefnumótun sveitarfélaga

Í upphafi samráðsfundarins í janúar 2016 voru þátttakendur m.a. beðnir að setja á blað hvaða þætti þeir teldu að stjórnendur sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja í landshlutanum þurfi sérstaklega að hafa í huga til framtíðar litið. Úr svörum mátti sjá mjög afgerandi niðurstöðu, en í þeim fólst ákall um samstarf, sameiginlega stefnumótun, samráð og samstöðu. Mikill meirihluti svara laut að þessum þáttum. Rauði þráðurinn er því áhersla og tilmæli um samstarf í víðum skilningi. Dæmi: „Hugsa um hagsmuni svæðisins í heild“, „Umfram allt sýna samstöðu“, „Leggja áherslu á samvinnu“. Ekki komu fram sterkar vísbendingar um aðra þætti en þó mátti greina áherslu á fjölbreytni og á mikilvægi mannauðs. Dæmi: „Fjölbreytni í mannauði, störfum og tómstundastarfi er lykilatriði í blómstrandi samfélagi“.

5. Markmið og aðgerðir

Eftirfarandi markmið og undirmarkmið eru sett fram á grunni fyrrnefndra samráðsfunda með fulltrúum úr landshlutanum. Fjallað er um aðgerðir til að ná settum markmiðum í sérstakri aðgerðaáætlun (viðauka I).

Menntun og mannauður

1. meginmarkmið.

Fjölbreyttir menntunarmöguleikar og gott aðgengi að menntun.

- 1.1. Meta og mæta þörfum atvinnulífsins fyrir menntun.
- 1.2. Auka námsframboð á svæðinu.
- 1.3. Bæta aðgengi að framhaldsskólamenntun.
- 1.4. Efla kennaranám á svæðinu verulega og hlúa að skólaþróun.

Atvinnuþróun og nýsköpun (ferðaþjónusta sér)

2. meginmarkmið.

Öflugt nýsköpunar- og þróunarumhverfi

- 2.1. Styðja við nýsköpun og markaðsstarf.
- 2.2. Efla samvinnu og samtal skipandi greina.

3. meginmarkmið.

Aukin fjarvinna og fjarþjónusta (sjá einnig markmið um fjarskiptainnviði í kafla um búsetu og innviði).

- 3.1. Fjölga opinberum störfum í landshlutanum sem eru skilgreind án staðsetningar.

4. meginmarkmið.

Aðdráttarafl fyrir fjárfesta.

- 4.1. Greina og kynna Norðurland eystra fyrir fjárfestum.

5. meginmarkmið.

Fjölnýting orkuauðlinda.

- 5.1. Auka og bæta nýtingu orkuauðlinda svæðisins – auka verðmætasköpun og sjálfbærni.
- 5.2. Styðja við nýsköpun, rannsóknir og þróun í orku-, umhverfis- og ferðamálum á Norðausturlandi.

Ferðaþjónusta

6. meginmarkmið.

Ferðaþjónustan verði heilsársatvinnugrein á svæðinu.

Markmiðið felur í sér að fjölga ferðamönnum á Norðurlandi utan háannar og lengja dvalartíma þeirra.

- 6.1. *Kortleggja auðlindir og meta þörf fyrir uppbyggingu.*
- 6.2. *Byggja upp innviði í landshlutanum sem snúa að ferðaþjónustu, þ.á.m. samgöngur og aðgengi að náttúruperlum.*
- 6.3. *Efla samstarf og sameiginlega markaðssetningu.*
- 6.4. *Auka gæðin í ferðaþjónustunni.*
- 6.5. *Styðja við og hvetja til vörupróunar og nýsköpunar í ferðaþjónustu á svæðinu.*

7. meginmarkmið.

Reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll.

- 7.1. *Bæta möguleika fólks til beinna erlendra flugsamgangna á Norðurlandi.*

8. meginmarkmið.

Heildstæð stefna um ferðaþjónustu m.t.t. hagsmuna umhverfis og samfélags.

- 8.1. *Marka stefnu og skipulag sem felur í sér heildargreiningu og áætlun fyrir landshlutann og einstök svæði.*

Menning

9. meginmarkmið.

Fjölbreytt og nærandi menningarlíf.

- 9.1. *Skapa öflugt samstarf um þróun og ráðgjöf í menningarmálum.*
- 9.2. *Auka möguleika íbúa svæðisins til að njóta fjölbreyttrar menningar.*

10. meginmarkmið.

Fjölbreytt atvinnutækifæri á sviði menningar og lista.

- 10.1. *Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista, ekki síst fyrir ungt fólk.*
- 10.2. *Efla hönnun og skapandi greinar.*

Búseta og innviðir

11. meginmarkmið.

Öflugir innviðir sem þjóna þörfum landshlutans.

11.1. *Bæta samgöngur og fjarskiptainnviði í landshlutanum.*

11.2. *Tryggja næga raforku.*

11.3. *Tryggja aðgengilega grunnþjónustu.*

6. Áhersluverkefni

Í 3. kafla samnings um sóknaráætlun er kveðið á um svonefnd áhersluverkefni. Um er að ræða samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans, m.ö.o. falla beint að markmiðum áætlunarinnar. Stjórn Eyþings samþykkti á árinu 2015 sex áhersluverkefni sem lögð voru fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins til staðfestingar. Á árinu 2016 var ákveðið að horfa til færri og viðameiri verkefna og miða við að þau taki til lengri tíma en árs. Stjórn Eyþings hefur samþykkt þrjú verkefni á árinu 2016 til að leggja fyrir stýrihópinn til staðfestingar. Nánari upplýsingar um verkefnin er að finna í viðauka II.

7. Samantekt og lokaorð

Sú sóknaráætlun sem hér er kynnt (2. útgáfa) tekur mið af þeim efnisflokkum sem kveðið er á um í samningi um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015 – 2019. Mikill efniviður frá samráðsfundum í landshlutanum var lagður til grundvallar. Eyping vann sóknaráætlun sína á árinu 2015 en ekki voru þá tók á að fullgera alla hluta hennar en nú hefur efni hennar verið útfært nánar.

Viðfangsefnið var að ná utan um það mikla efni sem fyrir lá eftir íbúafundina, samráðsvettvanginn og í ábendingum frá stoðstofnunum og koma áherslum þeirra í farveg með skipulegum hætti. Ákveðið var að setja Sóknaráætlunina fram í tveimur hlutum. Annars vegar sem stefnuskjal (hin eiginlega sóknaráætlun) sem er uppfærð áætlun frá 1. júlí 2015. Fyrst og fremst er þar um að ræða skýrari og skipulegri framsetningu á framtíðarsýn, leiðarljósum og markmiðum og er sú útgáfa hin almenna, opinbera útgáfa. Hins vegar er sett fram viðamikil aðgerðaáætlun sem er viðauki I við stefnuskjalið. Í heildina er þar um að ræða efnismikið vinnuskjal; stjórnþæki sem einkum verður nýtt af stjórn Eypings og starfsmönnum til að forgangsræða og fylgja eftir framkvæmd Sóknaráætlunar.

Þó að sóknaráætlunin nái aðeins til ársins 2019 hefur verið leitast við að horfa lengra fram í tímann. Staða landshlutans er greind, leiðarljós eru skilgreind og skyggst er fram í tímann og framtíðarsýn lýst, markmið sett og loks fjöldi aðgerða til að ná þeim. Sú stefna sem hér er sett fram ásamt tilheyrandi aðgerðaáætlun og áhersluverkefnum er grundvöllur að allri vinnu að sóknaráætlun Norðurlands eystra. Þannig mun m.a. starfsemi og áherslur Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra byggja á henni svo sem kveðið er á um í samningi um sóknaráætlun. Sömu leiðis byggja áhersluverkefni landshlutans á þessari stefnu.

Þess er vænst að Sóknaráætlun Norðurlands eystra muni skila landshlutanum fram á veginn með skarpri sýn á forgangsröðun verkefna og jákvæðum árangri. Með sóknaráætlunum landshluta hefur verið að þróast verklag sem byggir á markvissari vinnubrögðum og skarpari fókusi en áður hefur verið. Þetta verklag á sér nú skýra stoð í lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015. Í ljósi þeirrar reynslu sem þegar er fengin er mikilvægt að stjórnvöld bæti um betur með auknu fjármagni til samninga um sóknaráætlanir landshluta.

Útgáfa 2 af Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015 -2019

Akureyri í september 2016

Viðauki I

með Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015 -2019

Útgáfu 2, september 2016

Aðgerðaáætlun

fyrir Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015 - 2019

1. Menntun og mannauður

Framtíðarsýn:

- Á Norðurlandi eystra eru fjölbreyttir möguleikar til menntunar á öllum skólastigum.
- Stöðugt er unnið að umbótum sem miða að því að auka enn frekar gæði skólastarfsins.

Leiðarljós:

- Iðandi mannlíf dregur að sér fjölbreyttan mannauð.
- Fjölbreytt menntun á öllum skólastigum er lykill að öflugu samfélagi.
- Nýsköpun er leiðarljós í námi og kennslu.

Meginmarkmið:

- 1. Fjölbreyttir menntunarmöguleikar og gott aðgengi að menntun.***

1. Meginmarkmið.

Fjölbreyttir menntunarmöguleikar og gott aðgengi að menntun.

1.1. Meta og mæta þörfum atvinnulífsins fyrir menntun.

1.1.1. Greina menntunarpörf og tækifæri eftir starfssviðum og greinum.

Hér er horft til grunn- og framhaldsmenntunar, sem og til þarfar atvinnulífsins fyrir sí- og endurmenntun. Litið er til núverandi atvinnulífs, en einnig til þróunar atvinnulífs á svæðinu til lengri tíma.

Árangursmat/mælikvarðar: Niðurstöður greiningar á menntunarpörf og tækifærum eftir starfssviðum og greinum, sem yfirfarnar/samþykktar eru af viðkomandi samstarfsvettvangi aðila.

Ábyrgð: Eyþing leitar til atvinnuþróunarfélaganna, símenntunarmiðstöðvanna og Háskólans á Akureyri um framkvæmdina.

Tími: 2016-2017.

1.1.2. Tryggja fullorðnum gott aðgengi að sí- og endurmenntun.

Hér undir fellur m.a. að skipuleggja sérhæfð námskeið fyrir ákveðnar greinar atvinnulífsins og sníða þau að þeirra þörfum, m.t.t. tímasetningar, lengdar, innihalds og staðsetningar.

Hér undir fellur einnig að skipuleggja námskeið og kynningu í nýsköpunarfræðum og praktískt nám/námskeið sem gagnast ferðaþjónustu. Þróuð verði t.d. námskeið fyrir fagfólk í leiðsögn, veitingaþjónustu, afþreyingu o.fl.

Árangursmat/mælikvarðar: Framboð námskeiða og mæld ánægja með þau.

Ábyrgð: Símenntunarmiðstöðvarnar.

Tími: 2016-2019.

1.1.3. Fjölga nemendum í iðn- og tæknigreinum.

Efla og kynna sérstaklega iðn- og tæknigreinar sem áhugaverðan kost til náms og starfs, m.a. með samræðu/kynningu/samstarfi milli skóla og fyrirtækja. Í þessu felist einnig að skýra betur leið nemenda í starfsmenntanámi og tækifæri til háskólanáms.

Árangursmat/mælikvarðar: Að fyrirtæki í iðn- og tæknigreinum hafi komið til samstarfs við skólana um kynningu á störfum innan fyrirtækjanna og nútímastarfsumhverfi fólks með iðnmenntun. Að valkostir nemenda hafi aukist og þeim sé kleift að sækja stærstan hluta þessa náms á heimaslóðum.

Ábyrgð: Eyþing og atvinnuþróunarfélögin leiti samstarfs við framhaldsskólana, Háskólann á Akureyri og fyrirtæki á svæðinu.

Tími: 2016-2019.

1.1.4. Koma á starfskynningum fyrir ungt fólk.

Komið verði á heimsóknum grunnskólanemenda (9. og 10. bekkur) í fyrirtæki á svæðinu og/eða að fyrirtækin fái tækifæri til að heimsækja grunnskóla og kynna starfsemi sína.

Sveitarfélögin bjóði einnig hópi sumarstarfsfólks/vinnuskólanemendum upp á starfskynningar í samstarfi við stéttarfélögin og framhaldsskólana á svæðinu. Rætt á vettvangi skóla og atvinnulífs, sjá undir 1.1.5.

Árangursmat/mælikvarðar: Starfskynningar hafa verið haldnar.

Ábyrgð: Eyþing beinir þessu til sveitarfélaganna og atvinnuþróunarfélaganna.

Tími: 2017-2019.

1.1.5. Búa til virkan samstarfsvettvang milli skóla og atvinnulífs.

Meðal annars um þarfir atvinnulífs fyrir menntun, um kynningu atvinnulífs fyrir nemum og um önnur atriði, t.d. starfsnám/samninga fyrir iðnnema, o.fl. Atvinnuþróunarfélög og Nýsköpunarmiðstöð, og e.t.v. fulltrúar sveitarstjórna, komi jafnframt að þessum vettvangi. Mögulega að búa til farveg til að tengja fyrirtæki og starfsnema.

Árangursmat/mælikvarðar: Samstarfsvettvangur – mennta-/atvinnulíf.

Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélögin.

Tími: 2016-2017.

1.2. Auka námsframboð á svæðinu.

1.2.1. Auka námsframboð í framhaldsskólum.

Meðal annars verði stutt við það samstarf sem komið hefur verið á milli framhaldsskóla á svæðinu og miðar m.a. að aukinni fjölbreytni og jafnara aðgengi að námi.

Árangursmat/mælikvarðar: Lágmark að núverandi námsframboð framhaldsskóla á svæðinu haldist. Viðbót (aukið námsframboð) skv. nánari skilgreiningum/óskum skóla. Framboð aukist t.d. á tölvutengdu námi, námi tengt ferðapjónustu, listnámi, námi í nýsköpunarfræðum eða öðru námi sem nýtist svæðinu skv. greiningu á menntunarpörf sbr. 1.1.1. Raunfjármagn fylgi fjölbreyttu námi.

Ábyrgð: Eyþing leitar samstarfs við framhaldsskóla á svæðinu um framkvæmdina.

Tími: 2016-2019.

1.2.2. *Koma á fót fleiri námsbrautum við Háskólann á Akureyri.*

Byggt verði á mati skólans sjálfs, en einnig könnunum meðal stjórnenda í atvinnulífi og framhaldsskólanema á svæðinu, um þörf og væntingar til aukins námsframboðs. Skoðuð verði þörf fyrir aukna kennslu í raungreinum, tölvunámi og fjölbreyttara tækninámi, s.s. á sviði verkfræði, auk þess sem lögð verði áhersla á kennslu í nýsköpunarfræðum.

Vakin er einnig athygli á aðgerð 6.4.2.

Árangursmat/mælikvarðar: Fleiri námsbrautir við Háskólann á Akureyri, svo sem á sviði raungreina, tölvufræði, verk- og tæknifræði, með áherslu á gæði og sérstöðu.

Ábyrgð: Eyþing leitar samstarfs við Háskólann á Akureyri um framkvæmdina.

Tími: 2016-2019.

1.3. *Bæta aðgengi að framhaldsskólamenntun.*

1.3.1. *Efla þjónustu í fjarnámsverum byggðarlagá fjarri framhaldsskólum.*

Fjölbreytt framhaldsskólamenntun sé aðgengileg óháð búsetu upp að 18 ára. Byggja á reynslu framhaldsdeildar á Þórshöfn og nýta húsnæði og aðstöðu, t.d. í grunnskólum, eftir því sem hægt er.

Árangursmat/mælikvarðar: Boðið verði upp á mannaða þjónustu í námsverum starfssvæðisins á ákveðnum tímum.

Ábyrgð: Eyþing beinir þessu til sveitarfélaganna, símenntunarmiðstöðvanna og framhaldsskólanna.

Tími: 2016-2019.

1.4. *Efla kennaranám á svæðinu verulega og hlúa að skólaþróun.*

1.4.1. *Við eflingu kennaranáms skal leggja aukna áherslu á starfsnám, nýsköpun og sterkan fræðilegan grunn.*

Árangursmat/mælikvarðar: Námsskrá sem inniheldur ofangreindar áherslur.

Ábyrgð: Eyþing leitar samstarfs við Háskólann á Akureyri um framkvæmdina.

Tími: 2016-2019.

2. Atvinnuþróun og nýsköpun (ferðabjónusta í sér kafla)

Framtíðarsýn:

- Norðurland eystra byggir á sterkum grunnstoðum og atvinnulíf einkennist af fjölbreytni.
- Skörp sýn er á heildarhagsmuni landshlutans.

Leiðarljós:

- Til staðar verði atvinnutækifæri sem höfða til fólks á öllum aldri, með fjölbreyttan bakgrunn og menntun, og þar sem horft verður til reynslu ólíkra aldurshópa.
- Öflugt nýsköpunarumhverfi samofið starfsemi háskóla með góðu aðgengi að fjármögnun, ráðgjöf og stuðningi við fyrirtæki og einstaklinga.
- Virk þátttaka í tæknibreytingum atvinnulífsins er lykill að fjölbreyttu atvinnulífi sem höfðar til ungs fólks.

Meginmarkmið:

2. Öflugt nýsköpunar- og þróunarumhverfi.

3. Aukin fjarvinna og fjarþjónusta.

4. Aðdráttarafl fyrir fjárfesta.

5. Fjölnýting orkuauðlinda.

2. Meginmarkmið.

Öflugt nýsköpunar- og þróunarumhverfi

2.1. Styðja við nýsköpun og markaðsstarf.

Sjá einnig markmið um menntun og mannauð, ásamt aðgerðum 1.1.2. og 1.2.2.

Bent er á samstarf við Háskólann á Akureyri um að kanna hugmyndir að atvinnustarfsemi sem kunna að vera til meðal starfsfólks skólans.

2.1.1. Styðja við nýsköpunarsamkeppnir á svæðinu, ekki síst fyrir ungt fólk.

Árangursmat/mælikvarðar: Nýsköpunarkeppnir haldnar.

Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélögin. Samstarf m.a. við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tími: 2017-2019.

2.1.2. Koma upp frumkvöðlasetrum í samvinnu við atvinnulífið, sveitarfélög, menntastofnanir og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Í því felst að sköpuð verði aðstaða og ráðgjöf fyrir fyrirtæki og frumkvöðla sem vilja hefja starfsemi og njóta nálægðar við aðra í viðkomandi grein eða svipaðri stöðu.

Árangursmat/mælikvarði: Fjöldi frumkvöðla sem nýta slíka aðstöðu.

Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélögin.

Tími: 2016-2018.

2.1.3. Vinna með fyrirtækjum að könnun á stækkun markaðssvæða.

a) Auka almenna kynningu.

b) Vinna með tilteknum fyrirtækjum/greinum að því að skoða stækkun markaða héraendis og erlendis.

c) Tilraunaverkefni í markaðssetningu á nýja markaði.

Árangursmat/mælikvarði: Í lok tímabilsins verði stjórnendur fyrirtækja á svæðinu meðvitaðir um möguleika á stækkun markaðssvæðis út fyrir landshlutann eða landið eftir atvikum. Fræðslu- og kynningarátaki um markaðssetningu erlendis lokið. Tilraunaverkefni í útflutningi farið af stað. Aukinn útflutningur á vörum frá svæðinu.

Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélögin. Samstarf m.a. við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Íslandsstofu og Markaðsstofu Norðurlands.

Tími: 2016-2019.

2.1.4. Stutt verði við þróunarverkefni Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) í kjölfar alþjóðlegrar vottunar sem sjúkrahúsið fékk árið 2016.

Árangursmat/mælikvarði: Fjöldi aðgerða á erlendum sjúklingum og heildarfjöldi aðgerða.

Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar. Samstarf m.a. við SAK og Íslenska heilbrigðisglasann.

Tími: 2016 – 2019.

2.1.5. Fylgt verði eftir samstarfi um málefni norðurslóða.

Norðurslóðanet Íslands var sett á fót fyrir framlög til fjögurra ára úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra á árunum 2012 – 2015.

Árangursmat/mælikvarði: Rekstrargrunnur Norðurslóðanets Íslands verði tryggður með fjárveitingum.

Ábyrgð: Eyþing. Samstarf m.a. við Háskólann á Akureyri og Norðurslóðanet Íslands.

Tími: 2016 – 2019.

2.2. Efla samvinnu og samtal skapandi greina.

2.2.1. Koma upp samstarfsvettvangi fólks í skapandi greinum á svæðinu.

Um er að ræða vettvang til kynninga og skoðanaskipta. Þar má m.a. tengja saman hönnuði og aðra í skapandi greinum, við fyrirtæki á svæðinu.

Sjá einnig markmið um menningu og aðgerðir 10.1.1. og 10.2.1.

Árangursmat/mælikvarði: Samstarfs- og kynningarvettvangi komið á.

Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélögin. Samstarf m.a. við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og menningarfulltrúa Eyþings.

Tími: 2016-2017.

2.2.2. Stofna til kynningar á hugbúnaðarfyrirtækjum sem þegar starfa á svæðinu.

Kallað verði til umræðu um starfsaðstæður þeirra og aukna þátttöku í uppbyggingu á stafræna hagkerfinu.

Árangursmat/mælikvarði: Aukin umfjöllun um starfsemi hugbúnaðarfyrirtækja á svæðinu, mikilvægi þeirra og tækifærin í greininni.

Ábyrgð: Eyþing leiti samstarfs við atvinnuþróunarfélögin um framkvæmdina.

Tími: 2017-2019.

3. Meginmarkmið.

Aukin fjarvinna og fjarþjónusta (sjá einnig markmið um fjarskiptainnviði í kafla um búsetu og innviði).

3.1. Fjölga opinberum störfum í landshlutanum sem eru skilgreind án staðsetningar.

3.1.1. *Kynning á tækifærum til fjarvinnu á svæðinu.*

Efnt verði til kynningarátaks um kosti og aðstæður til fjarvinnu á svæðinu. Kynnt verði góð dæmi um störf sem unnin eru í fjarvinnu á svæðinu, ásamt því að afla upplýsinga frá nágrannalöndum um slíkt. Undir þetta fellur einnig kynning á þjónustu hins opinbera við íbúa svæðisins sem mætti inna af hendi með fjarvinnu. Sjá einnig markmið 11.1.2.

Árangursmat/mælikvarðar: Umfjöllun og kynning skv. nánari skilgreiningu verkefnis.

Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélögin.

Tími: 2016-2017.

3.1.2. *Hvetja stofnanir ríkis og sveitarfélaga til að auglýsa störf án staðsetningar í atvinnuauglýsingum.*

Möguleg dæmi: Fyrirtækjaskrá, samanber Brønnøysund í Noregi þar sem fyrirtækjaskrá þeirra Norðmanna er.

Árangursmat: Fjöldi auglýsinga með þessu lagi. Fjöldi nýrra opinberra starfa án staðsetningar.

Ábyrgð: Eyþing í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin.

Tími: 2016-2019.

4. Meginmarkmið.

Aðdráttarafl fyrir fjárfesta.

4.1. Greina og kynna Norðurland eystra fyrir fjárfestum.

4.1.1. *Fara í kynningarátak á svæðinu fyrir fjárfestum.*

Kynna svæðið sem áhugaverðan fjárfestingarkost, með góðri staðsetningu fyrir fyrirtæki.

Líta sérstaklega til þess að nýta betur fjárfestingar sem þegar hafa verið gerðar á svæðinu til að laða að ný fyrirtæki.

Í þessu felst m.a. að koma á framfæri upplýsingum um arðsemi fyrirtækja á svæðinu og kostum þess að fjárfesta í fyrirtækjum og verkefnum á svæðinu.

Árangursmat/mælikvarði: Fjölgun fyrirtækja. Heimsóknir fjárfesta. Heimsóknir á vefsíður fyrirtækjanna. Fjöldi fréttu af svæðinu.

Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélögin. Samstarf m.a. við Íslandsstofu.

Tími: 2017-2019.

**5. Meginmarkmið.
Fjölnýting orkuauðlinda.**

5.1. Auka og bæta nýtingu orkuauðlinda svæðisins – auka verðmætasköpun og sjálfbærni.

Nýta til frekari verðmætasköpunar þá fjölmörgu orku- og hráefnisstrauma sem til verða við frumnýtinguna, til að stuðla að aukinni sjálfbærni.

5.1.1. Koma á samstarfi helstu hagsmunaaðila til að vinna að ofangreindu markmiði.

Samstarfið getur falist í fjölbættum verkefnum, sem ná yfir öll undirmarkmið þessa kafla.

Árangursmat/mælikvarði: Samstarfsverkefni komið á.

Ábyrgð: Eyþing í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin, orkufyrirtæki og fleiri.

Tími: 2016-2019.

5.1.2. Skoða möguleika á sjálfbærni í raforkunotkun með smávirkjunum.

Árangursmat/mælikvarði: Fyrir liggja greining á möguleikum smávirkjana í landshlutanum.

Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélögin. Samstarf m.a. við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tími: 2016-2017.

5.1.3. Að gera fólki kleyft að ferðast á rafbílum um landshlutann.

Árangursmat/mælikvarði: Fjöldi hleðslustöðva.

Ábyrgð: Eimur í samstarfi við orkufyrirtæki.

Tími: 2016-2019.

5.2. Styðja við nýsköpun, rannsóknir og þróun í orku-, umhverfis- og ferðamálum á Norðausturlandi.

5.2.1. Styðja við rannsóknir og þróun á þessu sviði.

Árangursmat/mælikvarði: Fjöldi rannsóknaverkefna.

Ábyrgð: Eimur.

Tími: 2016-2019.

5.2.2. Upplýsa almenning um það sem vel er gert í endurnýtingu efnis og orku og endurvinnslu.

Dæmi: Molta, Flokkun, Vistorka, Fallorka (smávirkjanir), Orkey (lífdiesel) og fleira.

Þetta má setja fram í því samhengi að upplýsa og fræða um samspil samfélags, umhverfis og efnahags.

Árangursmat/mælikvarði: Fjölgun fyrirtækja sem nýta sér orkuauðlindir svæðisins á fjölbreyttan hátt.

Ábyrgð: Eyþing leiti til Flokkunar og Vistorku.

Tími: 2016-2019.

5.2.3. Vinna að formlegum samstarfssamningi sveitarfélaga um úrgangsmál og vinna framkvæmdaáætlun á grundvelli samþykkrar svæðisáætlunar.

Árangursmat/mælikvarði: Samþykkt framkvæmdaáætlun.

Ábyrgð: Flokkun. Samstarf m.a. við Eyþing og aðila á Norðurlandi vestra.

Tími: 2016-2017.

3. Ferðapjónusta

Framtíðarsýn:

- Ferðapjónusta er ein af meginstoðunum í atvinnulífi svæðisins.
- Ímynd ferðapjónustu á Norðurlandi eystra felur í sér að gæði, þekking og fagmennska séu þar í fyrirrúmi.
- Beint millilandaflug er um landshlutann.

Leiðarljós:

- Fjölgun ferðamanna á svæðinu sé í sama hlutfalli og á landinu í heild og dreifist sem jafnast innan landshlutans.
- Heildstæð sýn á hagsmuni umhverfis og samfélags er grunnur að uppbyggingu greinarinnar.

Meginmarkmið:

6. Ferðapjónustan verði heilsársatvinnugrein á svæðinu.

7. Reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll.

8. Heildstæð stefna um ferðapjónustu m.t.t. hagsmuna umhverfis og samfélags.

6. Meginmarkmið.

Ferðapjónustan verði heilsársatvinnugrein á svæðinu.

Markmiðið felur í sér að fjölga ferðamönnum á Norðurlandi utan háannar og lengja dvalartíma þeirra.

6.1. Kortleggja auðlindir og meta þörf fyrir uppbyggingu.

6.1.1. Greina auðlindir ferðapjónustu á svæðinu.

Auðlindir ferðapjónustu á svæðinu verði greindar og þá tekið mið af ólíkum tegundum hennar (sjótengd, fjallatengd, atvinnulífstengd og menningartengd) og svæðum.

Dæmi: skoða út frá þjónustu, t.d. „skíðasvæðin á Eyjafjarðarsvæðinu“. Undirsvæði landshlutans verði skilgreind og greining taki mið af þeim. T.d. sé hugsað um Tröllaskaga sem eitt ferðapjónustusvæði.

Árangursmat/mælikvarði: Mæling á fjölda (aukningu) ferðamanna, gistinátta, starfsmanna og afkomu fyrirtækja í greininni.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurlands. Samstarf m.a. við Stjórnstöð ferðamála, Ferðamálastofu og aðra hagsmunaaðila.

Tími: 2016-2017.

6.1.2. Meta þörf fyrir uppbyggingu ferðapjónustu og innviða fyrir hana með hliðsjón af greiningunni.

Hluti af þeirri greiningu er að meta hvort og þá hvernig þurfi að bæta öryggismál vegna fjölgunar ferðamanna.

Árangursmat/mælikvarði: Samantekt (skýrsla) um þörfina fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu fyrir ferðamenn.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurlands. Samráð m.a. við hagsmunaaðila og sérfræðinga sem taka þátt í að meta þarfir á svæðinu, m.t.t. þolmarka.

Tími: 2017-2018.

6.2. Byggja upp innviði í landshlutanum sem snúa að ferðaþjónustu, þ.á.m. samgöngur og aðgengi að náttúruperlum.

Millilandaflug um Akureyrarflugvöll er hluti af þessu, en er sett fram sem sér markmið, 7. meginmarkmið.

6.2.1. Samstarfi verði komið á við stjórnvöld um uppbyggingu innviða og forgangsröðun

Við uppbygginguna sé tryggt að tekið sé tillit til samfélags og umhverfis. Um er að ræða verkefni sem felast t.d. í auknu öryggi og bættu aðgengi að ferðamannastöðum og þjónustu á þeim, bættum vegasamgöngum, s.s. Dettifossvegi, vetrarþjónustu og almenningsamgöngum.

Árangursmat/mælikvarði: M.a. að Dettifossvegi verði lokið. Aðrar samgöngubætur innan svæðisins. Úrbætur á fjölförnum ferðamannastöðum.

Ábyrgð: Eyþing í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands og sveitarfélögin.

Tími: 2016-2019.

6.2.2. Tryggja heilbrigðisþjónustu og löggæslu í takt við vaxandi þörf á svæðinu.

Jafnframt er vísað til kaflans um búsetu og innviði, undirmarkmið 11.3.

Árangursmat/mælikvarði: Fjárveitingar.

Ábyrgð: Eyþing í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands og sveitarfélögin.

Tími: 2016-2019.

6.3. Efla samstarf og sameiginlega markaðssetningu.

6.3.1. Gera framtíðaráætlun um sameiginlega markaðssetningu fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Markaðssetning svæðis byggir á vinnu við að marka heildstæða stefnu og skipulag um ferðaþjónustu ásamt því að byggja upp mark (e. „branding“) svæðis skv. markmiði nr. 8.

Fjármagn verði tryggt í verkefnið. Skilgreindir verði markhópar eftir þörfum og möguleikum í landshlutanum. Áhersla á gæði fremur en fjölda.

Árangursmat/mælikvarði: Að til sé áætlun um sameiginlega markaðssetningu ferðaþjónustu á Norðurlandi til framtíðar og áætluninni hrint í framkvæmd.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurlands. Samstarf við hagsmunaaðila.

Tími: 2016-2019.

6.4. Auka gæðin í ferðaþjónustunni.

6.4.1. *Standa fyrir og/eða taka þátt í fræðslu/námskeiðum sem nýtast greininni.*

Gæta þess að ná einnig til litlu aðilanna í greininni. Um útfærslu og framkvæmd þessa verkefnis vísast í kaflann um menntun og mannauð, aðgerð 1.1.2.

Árangursmat/mælikvarðar: Fjöldi námskeiða/menntunarkosta fyrir fólk í ferðaþjónustu.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurlands beini málinu til menntastofnana s.s. símenntunarmiðstöðva í samstarfi við Ferðamálastofu.

Tími: 2017-2019.

6.4.2. *Koma á fót námi í ferðamálafræðum frá erlendum háskólum, t.d. í Sviss, í gegnum Háskólann á Akureyri.*

Sviss er þekkt fyrir mikla þekkingu í greininni og æskilegt að gefa kost á námi sem stunda má beint þaðan. Vísað er einnig til aðgerðar 1.2.2.

Árangursmat/mælikvarðar: Námi komið á.

Ábyrgð: Eyþing beinir málinu til Háskólans á Akureyri í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands.

Tími: 2017-2019.

6.5. Styðja við og hvetja til vörubrúunar og nýsköpunar í ferðaþjónustu á svæðinu.

Vísað er til markmiða í kafla nr. 2 um framkvæmd á þessu atriði, 2. meginmarkmið og undirmarkmið 2.1.

Árangursmat/mælikvarðar: Nýjar vörur í ferðaþjónustu.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurlands.

Tími: 2017-2019.

7. Meginmarkmið.

Reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll.

7.1. Bæta möguleika fólks til beinna erlendra flugsamgangna á Norðurlandi.

Með því er stefnt að því að bæta dreifingu ferðamanna um landið með því að opna tækifæri fyrir þá að fljúga beint á Norðurland (allt árið).

7.1.1. *Leita samninga við flugrekstraraðila um reglulegt millilandaflug.*

Í því felst m.a. að kynna flugrekstraraðilum og ferðasölum kosti Norðurlands og Akureyrarflugvallar. Viðræður við flugfélög og heimsóknir fulltrúa þeirra til Akureyrar.

Árangursmat/mælikvarði: Samningum náð og millilandaflug komið á.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurlands.

Tími: 2016-2019.

7.1.2. Kanna möguleika á tengiflugi milli Norðurlands eystra og Keflavíkur við flug til /frá útlöndum samhliða niðurgreiðslu á innanlandsflugi um Reykjavíkflugvöll. Sjá einnig aðgerð 11.1.3.

Árangursmat/mælikvarði: Niðurstaða komin eftir viðræður við flugrekstraraðila og eftir atvikum tengiflug hafið. Hlutdeild Norðurlands í heimsóknum erlendra ferðamanna.

Ábyrgð: Markaðsstofa Norðurlands. Samstarf m.a. við Eyþing.

Tími: 2016-2019

8. Meginmarkmið.

Heildstæð stefna um ferðaþjónustu m.t.t. hagsmuna umhverfis og samfélags.

8.1. Marka stefnu og skipulag sem felur í sér heildargreiningu og áætlun fyrir landshlutann og einstök svæði.

Slík stefnumörkun felur í sér uppbyggingu á marki (e. „brand“) svæðis, sem er grunnur markaðssóknar til framtíðar. Slík stefna er m.a. grunnur að sameiginlegri markaðssetningu (sbr. 6. meginmarkmið), fjölgun ferðamanna og jafnari dreifingu þeirra milli landshluta og innan landshlutans.

8.1.1. Vinna svæðisskipulag um ferðaþjónustu.

Ráða þarf fagaðila (ráðgjafa) að verkefninu, koma á samstarfi sveitarfélaga á starfssvæði Eyþings og sameiginlegri svæðisskipulagsnefnd. Mörkuð verði stefna og heildstæð sýn um ferðaþjónustu í samstarfi við hagsmunaaðila. Tekið verður m.a. mið af Vegvísi í ferðaþjónustu en eitt af forgangsmálum í stefnu um ferðaþjónustu árin 2016 – 2017 er að gera vandaðar stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðaþjónustu í hverjum landshluta (Destination Management Plan, DMP).

Árangursmat/mælikvarði: Svæðisskipulagi lokið.

Ábyrgð: Eyþing, í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands, sveitarfélögin og aðra hagsmunaaðila.

Tími: 2016-2018.

4. Menning

Framtíðarsýn:

- Á Norðurlandi eystra þrífst drífandi og gróskumikil menning.
- Íbúar og ferðamenn eru virkir þátttakendur í menningu og listum.
- Fjöldi listamanna hefur atvinnu af menningu og listum.
- Á Norðurlandi eystra er starfandi vettvangur skapandi greina með áherslu á hönnun.

Leiðarljós:

- Blómleg menning er mikilvægur þáttur í nútímasamfélagi.
- Samvinna og samskipti eru forsenda sköpunar; lykillinn að árangri og framþróun.
- Byggt er á því sem er sérstakt í menningu og umhverfi svæðisins.

Meginmarkmið:

9. Fjölbreytt og nærandi menningarlíf.

10. Fjölbreytt atvinnutækifæri á sviði menningar og lista.

9. Meginmarkmið.

Fjölbreytt og nærandi menningarlíf.

9.1. Skapa öflugt samstarf um þróun og ráðgjöf í menningarmálum.

9.1.1. Tryggja fjármagn til að halda úti starfi menningarfulltrúa til að vinna að þróun og ráðgjöf í menningarmálum.

Árangursmat/mælikvarði: Starf menningarfulltrúa fjármagnað.

Ábyrgð: Stjórn Eyþings.

Tími: 2015-2019.

9.1.2. Sinna reglubundnu samstarfi og upplýsingamiðlun milli menningarfulltrúa sveitarfélaga.

Árangursmat/mælikvarði: Reglubundið samstarf.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eyþings.

Tími: 2015-2019.

9.1.3. Stuðla að og koma á fót innlendum og erlendum þróunarverkefnum með þátttöku aðila í landshlutanum.

Árangursmat/mælikvarði: Fjöldi samstarfsverkefna innlendra og erlendra - aukið alþjóðlegt samstarf. Ávinningur verkefna fyrir landshlutann metinn.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eyþings.

Tími: 2015-2019.

9.1.4. Endurskoða Menningarstefnu Norðurlands eystra 2013-2020 og samræma hana sóknaráætlun. Í því felst að leggja mat á árangur/framgang menningarstefnunnar.

Árangursmat/mælikvarði: Endurskoðuð menningarstefna og mat á framgangi.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eypings.

Tími: 2017 - 2019.

9.2. Auka möguleika íbúa svæðisins til að njóta fjölbreyttrar menningar.

9.2.1. Efla menningarlæsi.

Með því er stuðlað að aukinni þátttöku íbúa í menningarstarfi; bæði við að skapa og njóta. Þetta má gera m.a. með heimsóknum og kynningum listafólks í skólum, með fjölgun listnámskeiða, með eflingu tómstundastarfs í menningu og listum, einkum fyrir börn og ungmenni.

Árangursmat/mælikvarði: Kynningar listafólks, fjöldi listnámskeiða.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eypings í samstarfi við menningarfulltrúa sveitarfélaga.

Tími: 2017-2019.

9.2.2. Auka samstarf við ríkisvaldið um eflingu barnamenningar á svæðinu.

Þetta er gert með tilliti til aðgerðaráætlunar um menningu barna og ungmenna 2014-2017 sem byggir á menningarstefnu íslenska ríkisins.

Árangursmat/mælikvarði: Skipulegt samstarf við ríkið verði komið á um menningu barna í tengslum við aðgerðaráætlun um menningu barna og ungmenna.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eypings.

Tími: 2016-2017.

9.2.3. Bæta kynningu á menningarstarfi og menningaraðstöðu á svæðinu.

Þetta er m.a. gert með gagnagrunni um grunngerð og mannauð í menningu, sem verður aðgengilegur á vefnum. Stafræn tækni verði nýtt eftir föngum til að miðla menningu og styrkja tengsl.

Árangursmat/mælikvarði: Gagnagrunnurinn aðgengilegur á vefnum.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eypings.

Tími: 2016 - 2019.

9.2.4. Styrkja Akureyri sem miðstöð menningar og lista.

Í því felst að styðja við þær menningarstofnanir sem staðsettar eru á Akureyri og þjóna nágrannabyggðum.

Árangursmat/mælikvarði: Rekstrargrunnur tryggður.

Ábyrgð: Eyping í samstarfi við Akureyrarbæ og önnur sveitarfélög.

Tími: 2016-2019.

9.2.5. *Styðja við ungt listmenntað fólk sem starfar að verkefnum í jaðarbyggðum Eyþings og fjölga listviðburðum á þessum stöðum.*

Árangursmat/mælikvarði: Fjöldi verkefna og/eða listafólks.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eyþings.

Tími: 2016-2019.

10. Meginmarkmið.

Fjölbreytt atvinnutækifæri á sviði menningar og lista.

10.1. Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista, ekki síst fyrir ungt fólk.

10.1.1. *Koma á vettvangi þar sem listamenn geta tengst aðilum í öðrum atvinnugreinum og þar sem samstarfsmöguleikar verða kynntir.*

Árangursmat/mælikvarði: Samskiptavettvangi komið á. Fjöldi verkefna sem verða til.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eyþings.

Tími: 2017-2019.

10.1.2. *Vinna að auknu framboði listnáms á svæðinu.*

Jafnframt er vísað til undirmarkmiðs 1.2. í kafla um menntun og mannauð.

Árangursmat/mælikvarði: Ný námskeið eða námsleiðir.

Ábyrgð: Stjórn og menningarfulltrúi Eyþings í samstarfi við menntastofnanir.

Tími: 2017-2019.

10.1.3. *Koma upp verkefnum sem miða að því að efla listiðkun ungs fólks.*

Hér má sem dæmi nefna sumarverkefni (skapandi götulíf) á vegum sveitarfélaga, vinnuskóla, námsverkefni o.fl. með samvinnu við menningarstofnanir á svæðinu. Sveitarfélög leggi til aðstöðu, styrki slík verkefni og miðli upplýsingum um þau.

Árangursmat/mælikvarði: Fjöldi verkefna sem komast í framkvæmd.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eyþings í samstarfi við sveitarfélög.

Tími: 2017-2019.

10.1.4. *Stuðla að því að nýta menningu og listir sem þátt í uppbyggingu ferðaþjónustu landshlutans.*

Í þessu felst að gera menningu og listastarf aðgengilegan og eftirsóknarverðan þátt í ferðaþjónustu landshlutans.

Árangursmat/mælikvarði: Framboð vöru/afþreyingu í ferðaþjónustu sem byggir á menningu og listum.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eyþings og Markaðsstofa Norðurlands.

Tími: 2016-2019.

10.1.5. Stuðla að auknu samstarfi safna og menningarsetra landshlutans til að styrkja starfsemi þeirra og auka hlut þeirra í móttöku ferðamanna.

Árangursmat/mælikvarði: Fjöldi heimsókna.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eyþings í samráði við Markaðsstofu Norðurlands.

Tími: 2016-2019.

10.2. Efla hönnun og skapandi greinar.

10.2.1. Koma upp vettvangi hönnunar á svæðinu.

Vísað er til aðgerðar 2.2.1. um samstarfsvettvang fólks í skapandi greinum.

Árangursmat/mælikvarði: Hönnunarvettvangur verði starfandi.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eyþings í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tími: 2017 - 2019.

10.2.2. Koma á laggirnar markaðstorgi; sýningu og sölutorgi fyrir norðlenska hönnun.

Verkefnið verði samstarf hönnuða og fleiri aðila, um hönnun, framleiðslu og markaðssetningu.

Árangursmat/mælikvarði: Markaðstorgið hefur hafið starfssemi.

Ábyrgð: Menningarfulltrúi Eyþings. Samstarf m.a. við atvinnuþróunarfélögin.

Tími: 2017 – 2019.

5. Búseta og innviðir

Framtíðarsýn:

- Á Norðurlandi eystra er samfélag sem byggir á samstöðu og samvinnu.
- Á Norðurlandi eystra eru samgöngur og fjarskipti í takt við þarfir landshlutans og tækniþróun.
- Á svæðinu er hægt að mæta þörfum íbúa og atvinnulífs fyrir tryggja raforku.
- Alþjóðasamgöngur og flutningar eru greiðir til og frá landshlutanum.

Leiðarljós:

- Lýðfræðileg samsetning landshlutans verði í samræmi við landsmeðaltal.
- Svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta og nágrannalönd í vali ungs fólks og innflytjenda á búsetu.

Meginmarkmið:

11. Öflugir innviðir sem þjóna þörfum landshlutans.

11. Meginmarkmið.

Öflugir innviðir sem þjóna þörfum landshlutans.

11.1. Bæta samgöngur og fjarskiptainnviði í landshlutanum.

11.1.1. Vinna samgönguáætlun Norðurlands eystra.

Í því felst að vinna áætlun til dæmis til 6 og 12 ára sem verði sameiginlegur leiðarvísir um uppbyggingu og forgangsröðun í samgöngum á svæðinu. Vinna að því að tryggja fjárveitingar í bættar samgöngur.

Árangursmat/mælikvarði: Samþykkt samgönguáætlun Eyþings.

Ábyrgð: Eyþing.

Tími: 2016-2017.

11.1.2. Fylgja eftir áætlun stjórnvalda um uppbyggingu fjarskiptainnviða.

Í þessu felst að tryggja eftirfylgni áætlunar stjórnvalda, sbr. [skýrslu starfshóps innanríkisráðherra „Ísland ljóstengt - Landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða“ frá mars 2015](#). Forgangsmati verði að koma á háhraðatengingum við alla byggðakjarna í landshlutanum.

Árangursmat/mælikvarði: Árangur (fjöldi tenginga) orðin í samræmi við markmið „Ísland ljóstengt“.

Ábyrgð: Eyþing.

Tími: 2016-2019.

11.1.3. Styrkja og samhæfa almenningssamgöngur, strætó, flug, ferjur.

Í þessu felst að vinna að því að tryggja fjárveitingar til almenningssamgangna, auka hagræði og nýta reynsluna til að endurbæta fyrirkomulag, eftir atvikum.

Árangursmat/mælikvarði: Fjárveitingar hækki í samræmi við verðlagsþróun og fjárveitingar fáist til samhæfingar og þróunar.

Ábyrgð: Eyþing.

Tími: 2016-2019.

11.2. Tryggja næga raforku.

11.2.1. Greina framboð og eftirspurn eftir raforku og tryggja viðeigandi ráðstafanir.

Í því felst að greina orkuþörf (eftirspurn), orku sem til ráðstöfunar er og flutningsgetu, ásamt nýjum virkjunarmöguleikum (ath. Rammaáætlun).

Ná samstöðu um valkosti í lögnum, tryggja fjármagn og afhendingaröryggi.

Árangursmat/mælikvarði: Niðurstaða greiningar á orkuþörf og flutningsgetu liggja fyrir. Niðurstaða sé komin um línulögn á Norðurlandi.

Rafmagnslína Kópasker-Vopnafjörður verði skilgreind sem hluti flutningskerfis Landsnets.

Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélögin. Samstarf við Landsnet, Eyþing og hlutaðeigandi sveitarfélög.

Tími: 2016-2017.

11.3. Tryggja aðgengilega grunnþjónustu.

11.3.1. Tryggja góða þjónustu í heilbrigðismálum og löggæslu.

Fylgja eftir óskum samfélagsins um gæði og þróun í heilbrigðisþjónustu, löggæslu og annarri grunnþjónustu ríkisins og jafnframt með tilliti til fjölgunar ferðamanna. Sjá einnig aðgerð 6.2.2.

Árangursmat/mælikvarði: Fjárveitingar.

Ábyrgð: Eyþing.

Tími: 2016-2019.

11.3.2. Fylgja eftir verkefninu Brothættum byggðum.

Sérstaklega verði hlúð að þeim samfélögum sem falla undir verkefnið Brothættar byggðir.

Árangursmat/mælikvarði: Að aðgerðaráætlun vegna Brothættra byggða verði fylgt eftir.

Ábyrgð: Eyþing í samstarfi við verkefnastjórnir Brothættra byggða.

Tími: 2016-2019.

Viðauki II

með Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015 -2019

Útgáfu 2, september 2016

Áhersluverkefni 2015 og 2016

Heiti verkefnis 2015	Framlag	Framkvæmdar- aðili	Markmið	Lokaafurð
Norðurland – Hlið inn í landið	Sóknaráætlun: 15.000.000. Mótframlag: 15.000.000.	Markaðsstofa Norðurlands – Flugklasinn Air 66N	Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Fjölga erlendum ferðamönnum á Norðurlandi og lengja dvalartíma. Bæta dreifingu ferðamanna um landið. Auka lífsgæði íbúa á Norðurlandi.	Viljayfirlýsing um reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll
Þróun og ráðgjöf í menningarmálum	Sóknaráætlun: 10.600.000.	Eyþing	Starfandi verði menningarfulltrúi sem sinni þróun og ráðgjöf og framfylgi stefnu Sóknaráætlunar á sviði menningar.	Fullt starf menningarfulltrúa.
Skapandi skólastarf	Sóknaráætlun: 3.500.000	Háskólinn á Akureyri	Að vinna framkvæmdaáætlun í skapandi skólastarfi og undirbúa tilraunarverkefni.	Framkvæmda- áætlun.
Birding Iceland	Sóknaráætlun: 3.253.000 Mótframlag: 1.000.000.	Markaðsstofa Norðurlands	Þróa og kynna fuglaskoðun á Norðurlandi og gera Norðurland að eftirsóknarverðum áfangastað fuglaskoðara.	Framkvæmda- áætlun fyrir fuglastíg. Fuglaskoðunarskýli hönnuð. Kynningarefni, vefsíða og þátttaka í fuglasýningum erlendis.
Grunngerð og mannauður í menningarstarfi II	Sóknaráætlun: 3.000.000	Menningarfulltrúi Eyþings	Heildstæður aðgengilegur gagnagunnur um grunngerð og mannauð í menningu.	Aðgengileg leitarvél fyrir gagnagrunninn.

Heiti verkefnis 2016	Framlag	Framkvæmdar- aðili	Markmið	Lokaafurð
Samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra	Sóknaráætlun: 9.000.000 Mótframlag: 23.000.000	Eimur – félag í samstarfi Landsvirkjunar, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Eyþings.	Að auka og bæta nýtingu orkuauðlinda landshlutans. Að auka verðmæta- sköpun og sjálfbærni. Að styðja við nýsköpun, rannsóknir og þróun í orku-, umhverfis- og ferðamálum. Að stuðla að öflugum og sjálfbærum samfélögum á starfssvæði Eyþings – með áherslu á samspil auðlinda, umhverfis, orku og ferðaþjónustu landshlutanum til framdráttar í efnahagslegu og umhverfislegu tilliti.	Áframhaldandi og aukið samstarf hagsmunaaðila um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra. Fjöldi orkutengdra nýsköpunar- verkefna. Innviðir fyrir rafbilavæðingu Vinna við auðlindagarð hafin. Nýjar áherslur í markaðssetningu svæðisins.
Þróun og ráðgjöf í menningar- málum	Sóknaráætlun: 10.600.000 Að auki kemur 2.125.000 kr. framlag vegna umsýslu Uppbyggingarsjóðs	Eyþing	Að starfandi verði menningarfulltrúi sem sinni þróun og ráðgjöf í menningarmálum og framfylgi þeirri stefnu sem fram kemur í Sóknaráætlun Norðurlands eystra með það að markmiði að Norðurland eystra verði leiðandi á sviði menningar, lista og skapandi greina.	Starf menningar- fulltrúa sem vinnur öflugt þróunar- og ráðgjafarstarf á sviði menningar á grundvelli markmiða sóknaráætlunar.
Svæðisskipulag fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra	Sóknaráætlun: 9.000.000 kr. Áætlað er að mótframlag fái úr Skipulagssjóði, allt að 50% af heildarkostnaði vegna ráðgjafar og tilteknum öðrum kostnaði við svæðisskipulags- gerðina.	Eyþing í samstarfi við sveitarfélögin (svæðisskipulags- nefnd) og skipulagsráðgjafa.	Að stuðla að heildstæðri stefnu um ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra til grundvallar markaðssetningu og uppbyggingu ferðamannastaða.	Samþykkt svæðisskipulag fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra.
Óráðstafað í verkefni	2.516.909			